



Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 8. fundur

haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa Hnjúkabyggð 33, 15. mars 2016

og hófst kl. 14:00

**Fundinn sátu:**

Ágúst Þór Bragason embættismaður og Bjarni Þór Einarsson byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Bjarni Þór Einarsson,

**Dagskrá:**

**1. Markviss - Umsókn um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám - 1601009**

Tekin til afgreiðslu stöðuleyfisumsókn Skotfélagsins Markviss kt. 450691-1439. Umsókn um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám á skotsvæði Skotfélagsins Markviss lnr.145160, staðsetning við Turn 1. Staðsetning skv. meðfylgjandi afstöðumynd sem gerð er hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Eyjólfí Þórarinssyni, uppdráttur nr. S 01 í verki nr. 712502, dagsettur 14.12.2015.

*Stöðuleyfið er veitt til eins árs frá 1. maí 2016 í samræmi við lög um mannvirki númer 160/2010 og á grundvelli framlagðra gagna.*

**2. Árbraut 33 - Umsókn um byggingarleyfi til endurbóta - 1602010**

Tekin fyrir byggingarleyfisumsókn frá Bs. um atvinnu- og menningarmál í A- Hún., kt. 451176-0130. Umsókn um byggingarleyfi til gagnberra endurbót á íbúðarhúsi nr. 33 við Árbraut á Blönduósi, landnr. 192265. Í þessum fyrsta áfanga eru þak, gluggar og hurðir endurnýjað ásamt frárennislögn. Aðaluppdráttur ásamt séruppdráttum arkitekts, gerðir hjá TGJ af Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, fylgja umsókninni. Aðaluppdrættir nr. VT01 og VT02 og séruppdrættir nr. VT03 til VT15, dagsett 31.03.2015. Teiknin af frárennislögn gerð hjá VERKÍS af Ragnari Haukssyni verkfræðingi, teikning nr. M27.001A í verki nr. 72013, dagsett 28.01.2016.


*Framlögð gögn móttækin 10.03.2016 gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum. Byggingarleyfi veitt.*

**3. Efstabraut 2, matshluti 03 - Umsókn um byggingarleyfi - 1603020**

Tekin til afgreiðslu byggingarleyfisumsókn frá Átakshúsi ehf, kt. 620307-1520. Umsókn um byggingarleyfi til að setja upp milliloft í verslunar- og lagerhúsnæði félagsins sem er matshluti 3 að Efstubraut 2 á Blönduósi, landnr. 144885. Aðaluppdráttur og burðarvirkisuppdráttur gerðir hjá STOÐ ehf. verkfræðistofu af Atla Gunnari Arnórssyni verkfræðingi, fylgja umsókninni. Uppdráttur nr. A101, A102, A103 og B101 í verki nr. 7037-4, dagsettir 25. 01 2016.

*Framlögð gögn móttækin frá 24.02.2016 til 15.03.2016 gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum. Byggingarleyfi veitt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

  
Ágúst Þór Bragason

  
Bjarni Þór Einarsson

